



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður  
b.t. bæjarráðs Akraneskaupstaðar  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 10. ágúst 2015

AÓ/sa

**Efni:** Viðauki nr. 3 við fjárhagsáætlun árið 2015, tímabilið júní - júlí 2015.

Í fylgiskjölum sem fylgja þessu bréfi eru gerðar tillögur að viðauka nr.3 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Tillögurnar byggja m.a. á samþykktum bæjarstjórnar og bæjarráðs á tímabilinu 1. júní til og með 31. júlí 2015. Einnig eru í skjölunum tillögur að millifærslum frá sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Í þessum viðauka eru tillögur frá sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs um lækkun á tegundalyklinum 4992(afnota- og þjónustugjöld) í áætlun 14 stofnana, alls 3,072 m.kr. Upphæðin er færð til hækjunar á liðnum óviss útgjöld – óráðstafað skv. áætlun (4995-20830). Lækkunin er tilkomin vegna breytinga á samningi við Gagnaveitu (OR).

Helstu tillögur að breytingum:

Millifært er úr liðnum aðrar launagreiðslur – óráðstafað skv. áætlun (1690-20830) út á stofnanir vegna langtímoveikinda 16,011 m.kr.

Lækkun á liðnum afnota- og þjónustugjöld vegna gagnaveitu og er upphæðin færð yfir á óviss útgjöld – óráðstafað skv. áætlun til hækjunar 3,072 m.kr.

Ofangreindar tillögur (gagnaveita) verða til þess að rekstrarrafkoma aðalsjóðs breytist úr 113,267 m.kr. tekjuafgangi í 112,883 m.kr. tekjuafgang, rekstrarrafkoma eignasjóðs breytist úr 44,251 m.kr. tekjuafgangi í 44,443 m.kr. tekjuafgang og rekstrarrafkoma Byggðasafnsins breytist úr 1,424 m.kr. tekjuafgangi í 1,616 m.kr. tekjuafgang.

Rekstrarrafkoma A og B-hluta mun ekki breytast.

Meðf:

Viðauki nr. 3, sundurliðun, tímabilið júní - júlí 2015.

Viðauki nr. 3 vegna breytinga á rekstri – sjóðstreymi - efnahag.

Viðauki nr. 3 vegna breytinga á málaflokkum og fjárfestingu.

Virðingarfyllst,

Andrés Ólafsson

fjármálastjóri

